

## LISTIR

## MYNDLIST

Vinnustofa Suður-  
landsbraut 26, 2. h.


MÁLVERK – GUÐBJÖRG  
LIND JÓNSDÓTTIR

Opið kl. 14–16 þriðjud. – föstud. og  
kl. 14–18 um helgar til 20. maí.  
Aðgangur ókeypis.

HIN EINFÖLDU sannindi eru gjarna of augljós til að menn veiti þeim mikla athygli í hinu daglega amstri. Allir vita að vatnið er uppspretta lífsins í líffræðilegum skilningi; þaðan komum við, og það er einnig forsenda allrar grósku árstíðanna. Í viðtækari merkingu er vatnið einnig undirstaða tilveru Íslendinga; við sækjum lífsbjörgina í það vatn sem umlykur landið, orku í fallvötnin og hitann í varma vatnsins í iðrum jarðar.

Hin rómantíska sýn okkar á vatnið í formi hárra fossa, beljandi stórflyjóta eða kyrra stöðuvatna á sér þannig dýpri tengsl en birtist í yfirborðsmyndum einum. Listamenn eins og Guðbjörg Lind Jónsdóttir hafa lengi reynt að vinna með gildi vatnsins á þessum grundvelli, en hún hefur frá upphafi skapað sér nokkra sérstöðu með viðfangsefnum sínum. Sýning hennar nú byggist á sama grunni og fyrr, þar sem greina má markvissa þróun frá hinu upphaflega stafi.

Myndheimur listakonunnar birtist annars vegar í fossum fallandi



Guðbjörg Lind Jónsdóttir

# Hið mjúka berg

eftir þverhniptum hamraveggjum, og hins vegar í lygnu vatni, sem þó iðar gjarna af hreyfingu öldunnar. Efst grillir mögulega í mjóa himinrönd, en neðst kann að vera hylur eða jafnslétta, þar sem fallið er stöðvað, og jafnvægis er leitað á ný.

Í verkunum nú má sjá, að nokkur breyting hefur orðið á frá því Guðbjörg Lind hélt síðast stóra einkasýningu í Reykjavík fyrir tæpum þremur árum. Þá var hamraveggurinn heill og óskiptur,

og dökkir litir réðu mestu um heildarsvip myndanna. Hér er annað upp á teningnum; bergstálið er að leysast upp í loftkenndri kviku mildra lita, þar sem gróandi lífsins er í fyrirrúmi fremur en kuldi og dauði steinsins. Um leið er vatnið ekki lengur eins hvítfyssandi og hreint og áður, heldur hefur það einnig tekið á sig mildari lítóna í falli sínu til jarðar.

Þessi aukna mýkt bergsins kemur vel fram í verkum eins og „Strengur“ (nr. 8) þar sem harka

klettanna hefur vikið fyrir lifandi gróðri litanna. Léttur leikur vatnsins kemur einnig sterklega fram í „Leysing“ (nr. 11), þar sem gáskinn kemur fram í örlytu hliðarhoppi fossins.

Með þessari sýningu er ljóst að Guðbjörg Linda hefur ekki látið á sig fá þó um tíma hafi myndir hennar dökknad nokkuð og virkað þungar og daufar, heldur unnið áfram á sama vettvangi; árangurinn er mun meira líf og kraftur í fleti málverkanna, þar sem gróska og mýkt nýrra lita hefur gætt þennan myndheim endurnýjuðu lífi.

Sú staðreynd að listakonan hefur kosið að halda þessa sýningu á vinnustofu sinni segir sitt hvað um ástand sýningarmála myndlistarinnar í höfuðborginni. Á síðustu árum hefur notkun Kjarvalsstaða breyst á þann veg að salir eru ekki lengur leigðir út til sýninga á eigin vegum, og staðir eins og Gallerí Nýhöfn, Gallerí FÍM, Gallerí einn einn og Listmunahúsið horfið af vettvangi, og lítið komið í staðinn. Þetta hefur gert ýmsum myndlistarmönnum erfitt fyrir með að koma verkum sínum á framfæri, og því hefur aukist nokkuð að þeir kjósi einfaldlega að sýna í vinnustofum sínum, ef aðstæður bjóða upp á þann kost. Hér tekst framkvæmdin með ágætum, og má vænta þess að fleiri bregði á þetta ráð í framtíðinni.